

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Stofngjald kr.	Lengdargjald kr.
1. 60 A 1-fasa	3 240.00	1 380.00
2. 60 A 3-fasa	3 240.00	1 680.00
3. 100 A 3-fasa	9 600.00	1 900.00
4. 200 A 3-fasa	33 000.00	2 890.00

Lengd heimtaugar reiknast í heilum metrum frá lóðarmörkum eða næsta úti-tengikassa að stofntengikassa hússins. Rafveitan ákveður legu heimtaugar.

Gjaldskrá þessi gildir á skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti í hans þágu, skal notandanum skytt að leggja til húsnæði undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, heitinga- og bílskúra greiðast eftir reikningi.

Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir reikning, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 300.00.
2. Ef fundin er óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandi hefur greitt kr. 300.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Innifalið í gjaldskrá þessari er 19% söluskattur og 13% verðjöfnunargjald. Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi skv. heimild í auglýsingu nr. 7 23. janúar 1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 344 4. nóvember 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 31. janúar 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

G J A L D S K R Á**Rafmagnsveitna ríkisins.****Heildsöluverð.**

Gjaldskrá þessi er miðuð við afhendingu raforkunnar með 6—11 kV spennu og mælingu hennar á þeirri spennuhlið.

Gjaldskráin gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæðis þeirra.

Einnig er heimilt að selja öðrum raforkukaupendum samkvæmt þessari gjaldskrá, enda sé þá greitt fyrir minnst 800 kW afl og fyrir 6—11 kV aðfærsluveitu frá aðalkerfi Rafmagnsveitna ríkisins, miðað við fjarlægð, aflnotkun og samningsbundna tímalengd notkunar.

Rafmagnsveitunum er heimilt að afhenda orkuna á hærri spennu en gjaldskrá þessi miðast við, enda sé um það gerður sérstakur samningur á milli Rafmagnsveitnanna og þess kaupanda, sem í hlut á.

Rafmagnsgjald.

Aflgjald	5 843 krónur á árskW
+ Orkugjald:	
Fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klst. nýtingartíma á árskW	185.1 eyrir á kWst.
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	107.0 aurar á kWst.
Fyrir notkun umfram 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	53.5 aurar á kWst.

Aflmæling.

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðar-álagstoppa ársins, mældra sem 30 mínútna meðalálag á afhendingarstað.

Ársnýting.

Ársnýtingartími á klst. er raforkunotkun eins almanaksárs í kWst. deild með þeim álagstoppi á kW, sem greiða skal fyrir.

Ákvörðun aflgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs, og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

Fasviksstuðull.

Gjaldskráin miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0.85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi, skal kílówattstundarverð skv. 2. grein umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir slíkt lágmark.

Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans miðað við umsamið afl og áætlaða orku og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur. Mánaðargreiðslurnar falla í gjalddaga fyrsta dag hvers mánaðar eftir á, og eindagi er í lok þess mánaðar. Lánavextir greiðist af fyrsta mánuði skuldar en vanskilavextir eftir eindaga, hvort tveggja samkvæmt almennum reglum Seðlabanka Íslands um hæstu leyfilegu vexti á hverjum tíma.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynnt skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda, shr. 76. gr. Orkulaga nr. 58/1967.

Önnur ákvæði.

Um önnur ákvæði gildir reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins. Hvorki verðjöfnunargjald né söluskattur er innifalinn í verðinu.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58/1967 og staðfestri reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins frá 1968 til að taka gildi 1. janúar 1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis frá 14. maí 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 31. janúar 1975.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

3. febrúar 1975.

Nr. 43.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Sauðárkróks

I. RAFORKA

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

- 1.1. Til almennrar lýsingar um kwst. mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald kr. 33.30 á kwst.
- 1.2. Til almennrar lýsingar um kwst. mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald — 11.90 á kwst.
Fastagjald af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal:
Verslanir, skrifstofur, vinnustaðir o. þ. h. — 175.00 á m² á ári
Geymslur og gangar þeim tilheyrandi — 57.70 á m² á ári
- 1.3. Til hafnarlýsingar um kwst mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald — 9.55 á kwst.
- 1.4. Raforku til ljósa í beitungum má selja án mælis .. — 24.586 árskw.
enda sé spennan 32 volt og skriflegur samningur gerður um notkunina.

2. Almenn heimilisnotkun.

- 2.1. Um kwst. mæli þannig reiknað:
 - a. Grunnjald — 57.50 á mán.
 - b. Orkugjald af allri notkun — 7.55 á kwst.
 - c. Fastagjald af hverju herbergi — 57.50 á mán.

Við útreikning á herbergjagjöldum, skal telja öll herbergi sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m², eða minna, reiknast hálft, en 25 m² eða stærra, tvö.

3. Vélanotkun.

- 3.1. Um kwst. mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald — 19.00 á kwst.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til lýsingar, og reiknast þá að auki fermetragjald af gólfleti eftir sömu reglum og gilda um lið 1.2., en er þriðjunglægra.